

Mánudaginn 24. febrúar 1969.

Nr. 6/1969.

Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Erni Geirdal Gíslasyni

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa lögreglumennirnir Hafsteinn Bergmann Sigurðsson og Stefán Steinar Tryggvason, sem handtóku ákærða, borið um málsatvik fyrir dómi, staðfest vætti sín og lögregluskýrslu, en efni hennar og málsatvik að öðru leyti eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Hefur ákærði með háttsemi sinni gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, er í ákæru getur, en gangsetning bifreiðar er þáttur í akstri hennar.

Eins og sakavottorð ákærða ber með sér, var hann hinn 23. apríl 1963 með dómi sakadóms Barðastrandarsýslu dæmdur í 10 daga varðhald og sviptur ökuréttindum eitt ár frá 25. júlí 1962. Með náðun var refsivist þessari hinn 18. júlí 1963 breytt í sekt, er ákærði greiddi að fullu hinn 30. ágúst 1963. Samkvæmt 3. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, hefur sá dómur ítrekunarverkun á mat refsingar og ökuleyfissviptingar í máli því, sem hér er fjallað um.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði, kr. 5.000.00, málssóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í rikissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Örn Geirdal Gíslason, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði, Benedikts Sveinssonar héraðs-dómslögmanns, kr. 5.000.00, saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í rikissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndals hæstréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 26. nóvember 1968.

Ár 1968, þriðjudaginn 26. nóvember, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður var á skrifstofu réttarins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Jóni Ingvarssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 485/1968: Ákærvaldið gegn Erni Geirdal Gíslasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Erni Geirdal Gíslasyni, Fiskimjölsværksmiðjunni, Innri-Njarðvík, fyrir að hafa sunnudagsnóttina 30. júní 1968 undir áhrifum áfengis ekið eða reynt að aka bifreiðinni G 4445 á Hótel Íslands planinu í Reykjavík með því að setjast undir stýri bifreiðarinnar og gangsetja vél hennar, en ákærði var sofnaður í bifreiðinni, er lögreglumenn bar að.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 30. september 1940 í Hrísey, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum: 1957 15/7 á Siglufirði: Áminning fyrir brot á umferðarlögum. 1962 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga.

Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 16. 10. 1962. 1963 23/4 í Barðastrandarsýslu: Dómur: 10 daga varðhald, sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 25. 7. 1962 fyrir brot á

áfengislögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt
Siglufjarðar.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 30. júní 1968, kl. 0545, er tveir lögreglumenn voru á varðgöngu á Lækjargötu í Reykjavík, var þeim tilkynnt, að ölvaður maður hefði komið út frá Hótel Vík og farið inn í bifreiðina G 4445, er væri í gangi og stæði á bifreiðastæðinu fyrir framan Hótel Vík. Hröðuðu þeir sér á vettvang, og er þangað kom, var þar fyrir hin fyrrnefnda bifreið, og var maður sofandi undir stýri hennar, sem reyndist vera ákærði í mál þessu. Er lögreglumennirnir opnuðu bifreiðina, lagði á móti þeim sterkan áfengisþef, og virtist þeim ákærði vera mjög ölvaður. Færðu þeir ákærða á lögreglustöðina og fyrir varðstjóra. Aðspurður af varðstjóra kvaðst ákærði eigi hafa ætlað að aka bifreiðinni, heldur hafi honum sinnast við félagana sína, er voru með honum á Hótel Vík, og hann hefði því ætlað að sofa í bifreiðinni og gangsett hana til þess að hita hana upp. Ákærði kvaðst hafa drukkið nokkur glös af áfengi fyrr um nóttina. Var ákærði síðan færður á slysavarðstofuna til blóðtöku, og reyndist vera í blóðsýnishorni úr ákærða reducerandi efni, sem samsvara 1.56‰ af alkóhóli.

Ákærði hefur hér fyrir dómi lýst málavöxtum svo, að aðfaranótt sunnudagsins 30. júní 1968 hafi hann verið ásamt kunningjum sínum á dansleik í Klúbbnum við Borgartún og hafi hann drukkið talsvert magn af áfengi þar. Að dansleiknum loknum hafi hann farið í leigubíl að Hótel Vík, þar sem hann hafði herbergi á leigu til næsta dags. Bifreið sína, G 4445, kvað ákærði hafa staðið á bifreiðastæðinu fyrir framan Hótel Vík. Kvaðst ákærði hafa beðið næturvörðinn á Hótel Vík að líta eftir bifreið sinni, meðan hann væri á dansleiknum. Er ákærði hafi verið kominn á Hótel Vík að loknum dansleiknum, hafi hann hitt fyrir tvo kunningja sína, er setið hafi við drykkju í næsta herbergi. Aðspurður kvaðst ákærði ekki muna nöfn þeirra, en kvaðst halda, að þeir væru hásetar á b/v Neptúnusi. Ákærði kvaðst aðspurður hafa sett að drykkju með þeim, fyrst í herbergi þeirra, en síðan hafi þeir allir farið í herbergi ákærða. Ekki kvaðst ákærði muna, hversu lengi þeir hafi setið að drykkju þar, en kvaðst hafa verið orðinn þreyttur og syfjaður. Ákærði kvað þá félagana sína ekki hafa verið á því að hætta drykkju og yfirgefa herbergi mætta. Hafi þá kastast í kekki með þeim og ákærða, sem þó hafi ekki viljað hringja á aðstoð sér til handa til þess að vísa mönnunum út úr herberginu. Ákærði kvaðst þá hafa tekið það til bragðs að

fara út í bifreið sína og sofa þar um nóttina, þar eð hann hafi verið orðinn mjög þreyttur og slæptur. Kvaðst ákærði hafa sofnað mjög fljótlega, en vaknað eftir skamma stund og hafi sér þá verið mjög kalt. Kvaðst þá ákærði hafa gangsett bifreiðina til þess að hita hana upp nokkra stund, en síðan hafi hann ætlað að drepa á henni aftur. Kvaðst ákærði hafa síðan sofnað fljótlega aftur án þess að drepa á bifreiðinni.

Gangsetning bifreiðar er að vísu í flestum tilvikum þáttur í akstri hennar, en gegn neitun ákærða í máli þessu verður eigi talið sannað, að ákærði hafi með gangsetningu bifreiðarinnar G 4445 í umrætt sinn ekið eða reynt að aka bifreiðinni og gerzt með því brotlegur við þau refsíákvæði, sem í ákæruskjali greinir og honum eru gefin að sök. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Benedikts Sveinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Örn Geirdal Gíslason, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Benedikts Sveinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
